

Samráðsfundur vegna endurskoðunar fjallskilareglugerðar fyrir Norður-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár, haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar á Þórshöfn, fimmtudaginn 28. janúar 2010. Kl: 12:00
Mættir voru Sigurður Þór Guðmundsson, Ágúst Guðröðarson, Ævar Rafn Marinósson, Kristján Indriðason, Indriði Þóroddsson, Stefán Eggertsson og Björn Guðmundur Björnsson sem ritaði fundargerð.

Björn Guðmundur Björnsson setti fundinn og gerði grein fyrir ástæðu fundarins og þeirri vinnu sem verið væri að leggja í fjallskilareglugerðir.

Helstu umræður fundarins:

Sigurður fór yfir skýrslu millipinganefndar búnaðarpings um fjallskil í grófum dráttum sem og samráðsfundi annarra svæða .

Fjallskilagjöld og álögð fjallskil á eyðibýli rædd og leiðir til úrbóta. Við Bakkaflóa (fjallskiladeild eystri) í Langanesbyggð er hvert eyðibýli eða eigendum lands boðið að inna af hendi tvö dagsverk eða að greiða sem nemur þeim dagsverkum til fjallskiladeildar.

Flestir voru sammála að ekki sé þörf á miklum breytingum á fjallskilareglugerðinni. Ákveðið að Björn Guðmundur komi fjallskilareglugerðum til fundarmanna og stefnt að því að hittast fyrir febrúarlok.

Fundi slitið kl: 13:46